



ERINDISBRÉF
FRAMKVÆMDA- OG EIGNANEFNDAR

I. Kafli
Umboð og hlutverk

1. gr.

Framkvæmda- og eignanefnd Rangárþings ytra er skipuð af sveitarstjórn Rangárþings ytra og fer hún í umboði sveitarstjórnarinnar með málefni viðhalds og framkvæmda eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu. Þá fer nefndinn með málefni fráveitu í samræmi við lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og málefni Rangárljóss skv. lögum nr. 70/2022 um fjarskipti. Nefndin starfar í samræmi við staðfestar samþykktir sveitarfélagsins Rangárþings ytra.

2. gr.

Framkvæmda- og eignanefnd Rangárþings ytra er skipuð þremur fulltrúum úr sveitarstjórn og jafn mörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast að jafnaði við kosningar til sveitarstjórnar nema sveitarstjórnin ákveði annað. Að jafnaði kýs sveitarstjórnin formann nefndarinnar og á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns.

3. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með viðhaldi og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og er ráðgefandi með forgangsröðum þeirra verkefna.

Viðfangsefni nefndarinnar eru:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um forgangsröðun þeirra verkefna sem heyra undir nefndina.
- að fara yfir tillögur forstöðumanns að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar.
- að hafa umsjón með þeim framkvæmdum og fjárfestingum eigna sveitarfélagsins sem hafa hafa verið samþykktar í fjárhagsáætlun ársins.
- að fara yfir þau viðhaldsmál sem eru í gangi á vegum sveitarfélagsins á hverjum tíma, þar með talið ásýndar- og umgengnismál.
- að vera tengiliður við þau félagasamtök í sveitarfélaginu sem falla undir verksvið nefndarinnar.

- að hafa umsjón með framkvæmdum sem snerta umferðaröryggismál í sveitarfélaginu.
- að styðja við og fara með umsjón málefna vinnuskólans eftir atvikum.
- að fara með umsjón á rekstri og verkefnum fráveitu sveitafélagsins.
- að fara með umsjón á rekstri og verkefnum Rangárljósa.
- að fylgjast með og vera tengliður vegna annarra veitna sem snerta innviði sveitarfélagsins eins og vatnsveitu og hitaveitu.
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

II. Kafli Starfsmenn, fundir og starfshættir

4. gr.

Forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs er starfsmaður nefndarinnar. Hann undirbýr og boðar fundi nefndarinnar í samráði við formann og annast ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs sér um að framfylgja ákvörðunum nefndarinnar þegar sveitarstjórn hefur staðfest þær. Nefndin fundar með reglubundnum hætti í tengslum við fundi sveitarstjórnar eða eins oft og þörf er fyrir og verkefni kalla á. Skyld er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í framkvæmda- og eignanefnd óskar þess.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með rafrænu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar framkvæmda- og eignanefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

6. gr.

Ákvarðanir framkvæmda- og eignanefndar taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Nefndin skal vinna á grundvelli markmiðssetningar sem sveitarstjórnin setur hverju sinni. Framkvæmda- og eignanefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

7. gr.

Starfshættir nefndarinnar eru í samræmi við staðfestar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Rangárbings ytra. Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka

fundargerðarbók og tölvuskrá þær skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir framkvæmda- og eignanefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina

III. Kafli Gildistaka

8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 128/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Rangárþing ytra.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 8. janúar 2025 og tekur þegar gildi.